

Tillaga til 431. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 7. febrúar 2019

Tillaga 1047. fundar bæjarráðs frá 28. janúar um að samþykkja leigusamning vegna Aðalstrætis 18.

8. Hvesta - húsnæðismál - 2018050098

Lagt er fram minnisblað Þóru Marýjar Arnórsdóttur, deildarstjóra málefna fatlaðra, dags. 25. janúar sl., varðandi húsnæðismál fólks með fötlun. Einnig er lagður fram til samþykkis húsaleigusamningur milli Apto ehf., sem leigusala, og Ísafjarðarbæjar, sem leigutaka, þar sem Ísafjarðarbær leigir sérrými á 1. og 2. hæð Aðalstrætis 18, Ísafirði. Leigusamningurinn var undirritaður 24. janúar sl., með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Gert er ráð fyrir leigufjárhæðinni í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2019.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja húsaleigusamninginn milli Apto ehf. og Ísafjarðarbæjar um leigu sérrýmis á 1. og 2. hæð Aðalstrætis 18, Ísafirði, þar sem um er að ræða leigusamning til 15 ára.